

yfirdóminum réttlætt nægilega þennan drátt og verður honum því eigi gjörð ábyrgð fyrir dráttinn samkvæmt kröfu áfrýjanda.

Að því leyti málið hefir verið rekið með gjafsókn í héraði og gjafvörn fyrir yfirdómi, vottast, að flutningur þess hefir verið löglegur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum & Wulffs verzlunar á að vera sýkn af kærum og kröfum stefndu, hreppsnefndarinnar í Hálshreppi. Málskostnur fellur niður.

Mánudaginn 30. júnímaðar.

Nr. 9/1902:

Réttvisin

gegn

Jóni, Sigurgeir, Jónasi og

Sigurði Jónssonum.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Þingeyjarsýslu, gengnum 25. maí f. á., var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir brot gegn 159. gr. hinna alm. hegningarlaga í 14 daga einfalt fangelsi og til þess ásamt hinum meðákærðu bræðrum sínum að greiða in solidum allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns þeirra í héraði, Árna prófasts Jónssonar á Skútustöðum, 5 kr. Að öðru

leyti voru þeir bræður, Sigurgeir, Jónas og Sigurður, sýknaðir af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður eftir ósk þriggja hinna ákærðu og af hálfu réttvísinnar áfrýjað til landsyfirréttarins.

Atvik málsins eru þessi: Um mánaðamótin janúar og febrúar 1898 andaðist að Ljósavatni í Bárðardal ekkjan Þuríður Eyólfsdóttir. Þegar að henni látinni ráðgjörðu synir hennar, hinir ákærðu eða að minsta kosti 3 þeirra, að flytja lík hennar upp að Skútustöðum við Mývatn, þar sem maður Þuríðar sál. var grafinn. Hafði hún löngu áður en hún dó oftast en einu sinni látið í ljósi þá ósk sína, að bein hennar fengju að hvílast hjá manni sínum, enda hafði henni þegar við fráfall manns hennar verið ætlaður legstaður þar. En þessi ráðdagjörð þeirra bræðra fórst þó fyrir þá sökum ýmislegra atvika. Þeir létu jarðsetja móður sína að Ljósavatni, en bjuggu þó svo um gröfina, að taka mætti upp kistuna seinna, því að það var fastráðið áform þeirra, að flytja hina framliðnu þegar færi gæfist upp að Skútustöðum og jarðsetja hana þar. En af óhjákvæmilegum ástæðum dróst flutningurinn þangað til í marzmán. 1890. Um gröf hinnar framliðnu á Ljósavatni var þannig búið, að fleki var látinn ofan á kistuna, til þess að mold ekki kæmist að henni og feygdi hana, og síðan var moldin látin ofan á flekann. Það var ákærði Jón, sem stóð fyrir upptekning kistunnar með aðstoð ýmsra manna; reyndist kistan þá óskemd; að eins var skrautið á henni og hankarn-

ir dottið af. Síðan var kistan flutt upp að Skútu-  
stöðum og þar jarðsett af prófasti séra Árna Jóns-  
syni, sem áður var kunnugt um að flutningurinn  
átti að fara fram, með venjulegri viðhöfn.

Þessi flutningur hinnar framliðnu af nánustu  
ættlingjum hennar, er að öllu leyti fór fram sóma-  
samlega, verður ekki skoðaður sem röskun á graf-  
arhelginni og á því ekki undir 159. gr. hinna alm.  
hegningarlaga, og þar sem málshöfðunarskipun  
amtsins er einskorðuð við þennan lagastað, þarf  
ekki í þessu máli að rannsaka, hvort hinir ákærðu  
hafi brotið gegn nokkrum öðrum lagaákvæðum.

Það ber því að sýkna hina ákærðu af ákæru  
réttvísinnar í þessu máli, og eftir þessum úrslitum  
málsins ber að greiða allan af málinu löglega  
leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í  
héraði og málflutningslaun til sóknara og svara-  
manns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds  
Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til  
hvors, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir orðið nokkuð  
seinfara, en héraðsdómarinn hefir réttlætt drátt  
þann, sem orðið hefir á málinu. Fyrir yfirdómi  
hefir flutningur málsins verið löglegur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu Jón, Sigurgeir, Jónas og Sig-  
urður Jónssynir eiga að vera sýknir af ákæru  
réttvísinnar í þessu máli. Málskostnaður all-  
ur, þar með talin varnarlaun til talsmanns-  
hinna ákærðu í héraði, Árna prófasts Jóns-

sonar, 5 krónur, og málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 14. júlímán.

Nr. 2/1902.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps  
 gegn  
 Kaupfélagi Þingeyinga.

D ó m u r:

Mál þetta fór með og dæmdi í aukarétti Þingeyjarsýslu sýslumaður og bæjarfógeti Klemens Jónsson á Akureyri sem þar til skipaður setudómari, en honum hefir þó eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun málsins, eins og boðið er í N. l. 1.—2.—3., og þessa vöntun bætir það eigi upp, þótt yfirdómsstefnan hafi verið birt fyrir manni, er settur hefir verið til að gegna embætti setudómara sem sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Akureyri í fjarveru hans, þar sem eigi sést af stefnunni eða málinu, að maður þessi hafi haft neitt umboð til að taka á móti stefnu í máli þessu fyrir hönd setudómarans. Það verður því ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Með því að enginn hefir mætt fyrir yfirdóminum af hálfu kaupfélagsins, er eigi um kost og tæring í málinu að ræða.